

Það verður því að fallast á það, að skuldin hafi verið fyrnd, er málssókn þessi var hafin; gestaréttardómurinn er því réttur og verður að staðfesta hann, einnig málskostnaðarákvæði hans, en eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi firmað A. T. Möller & Co. greiði stefnda Bergi Rósinkransyni málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 31. júlí 1916.

Nr. 78/1915.

Réttvísinn

gegn

Sigfúsi Sveinbjarnarsyni.

D ó m u r :

Hinn ákærði Sigfús Sveinbjarnarson á Arnarstapa, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir ekki áður sætt ákæru fyrir neinn glæp, var saksóttur fyrir aukarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir brot gegn 28. kapítula hinna almennu hegningarlaga,

og féll dómur aukaréttarins í sakamálinu 17. ágúst f. á. á þann veg, að ákærði var sýknaður af ákærum sóknarans í málinu, og skyldi allur kostnaður málsins — þar á meðal 10 kr. málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda í héraði, yfirréttarmálaflutningsmanns Þorsteins Þorsteinssonar — greiddast af almannafé.

Þessum dómi hefir af réttvísinnar hálfu verið skotið til yfirdómsins.

Hinn 31. marz 1915 brann íbúðarhús ákærða á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Hús þetta með tilheyrandi útihúsum og lóð hafði ákærði keypt 19. febr. 1912 fyrir 4000 kr. og flutti hann í það þá um vorið og bjó í því síðan. Þegar ákærði keypti húsið var það váttryggt fyrir 3000 kr., en vorið 1912 hækkaði ákærði váttryggingu þess upp í 4000 kr. og 20. apríl 1914 hækkaði ákærði enn á ný váttryggingarupphæð hússins upp í 12000 kr. Innanstokksmuni hafði ákærði váttrygða fyrir 2500 kr. og fiskiveiðaáhöld fyrir 1500 kr. eða samtals 4000 kr. Í hinu brunna húsi bjó auk ákærða og konu hans og tveggja ungra barna þeirra, aðeins Magnús Jónsson vinnumaður ákærða og mágur hans, en hann hafði róið til fiskjar snemma morguns brunadaginn ásamt flestöllum karlmönnum úr Arnarstapaplássi. — Eftir skýrslu ákærða og konu hans varð eldsins fyrst vart kl. að ganga 1 eftir hádegi, voru þau þá ein í húsinu með börnin. Konan kveðst þá hafa verið í eldhúsinu og hafa orðið vör við reykjarstybbu og skýrt manni sínum frá, er þá var staddur í búðarherbergi, er var í húsinu. Kveðst ákærði þá hafa opnað hurð á kompu

nokkurri, er var við hliðina á eldhúsinu, og lá þaðan stigi upp á loft; þar bjó enginn uppi, en ákærði geymdi þar fiskiveiðaáhöld, nokkuð af benzini o. fl., og hafði yfirleitt enginn umgang um loftið nema hann. Þegar ákærði opnaði téða kompu kveður hann reykjarkóf hafa gosið á móti sér og tjáist hann þá strax hafa látið aftur hurðina að kompunni án þess að rannsaka nánar upptök eldsins, sem hann telur muni hafa verið uppi á lofti hússins við eða nálægt skilrúmi, sem lá yfir þvert loftið nærri miðju hússins. Ákærði kveðst fyrst hafa beðið konu sína að fara út með börnin og fór svo að bjarga rúmfatnaði og öðrum innanstokksmunum með aðstoð konu sinnar og færa muni þessa frá húsinu með aðstoð þriggja kvenmanna, er komu að eftir að kona ákærða hafði hringt skipsbjöllu, er var við húsið, til að kalla á hjálp. — Um þetta leiti komu að tveir bátar, sem róið höfðu til fiskjar úr Stapaplássu um morgunin, og fór þá ein af konunum, sem komið höfðu að brunanum, ofan til sjávar og skýrði konan manni sínum Bjarna Kjartanssyni og skipverjum hans frá því, að kviknað væri í húsi ákærða. Fóru þeir Bjarni Kjartansson og Kjartan Þorkelsson, faðir hans, svo og Magnús Jónsson, vinnumaður ákærða, sem róið hafði á sama bát, upp að húsi ákærða. — Eftir því sem ákærði segir sjálfur frá hafði ein af konum þeim sem fyrst komu að brunanum, talað um hvort ekki væri hægt að fara inn í húsið og bjarga, en þá hafi hann (ákærði) ráðið frá því, af því að í eldhúsinu væru nokkur hlaðin skot og laust púður svo og nokkuð af benzini. Þegar þeir feðgar Kjartan Þorkelsson

og Bjarni Kjartansson komu að, kveður ákærði að Bjarni hafi að fyrrabragði spurt sig hvort eigi væri hægt að bjarga, en hann hafi þá svarað því, að hann héldi að það væri eigi hættulaust af sögðum ástæðum.

Magnús Jónsson vinnumaður ákærða hefir borið að hann hafi viljað fara inn í húsið til að bjarga, en ákærði hafi þá sagt, að hann kærði sig ekki um það og vildi ekki að vitnið færi inn í húsið, og varð þá ekki af því.

Þeir feðgar Kjartan Þorkelsson og Bjarni Kjartansson gengu alt í kringum húsið, og skygndust inn um glugga; þeir sáu engan eld en nokkurn reyk upp um herbergin niðri, en sáu þó til veggja niður við gólf. Á húsinu voru 3 útidyr. Hurðin fyrir forstofudyrum hafði verið negld aftur um veturinn, en aðallega var gengið um eldhúsdyr, en á hurðina fyrir þeim dyrum vantaði handfang að utan og hafði nagli verið notaður í þess stað, en naglinn var nú ekki í teininum og hafði teinninn auk þess ýzt svo langt inn að ekki varð náð í hann og því heldur ekki hægt að opna þá hurð utanfrá. Hina þriðju útidyrahurð á húsinu, búðarhurðina, reyndi Bjarni Kjartansson í vidurvist vitnisins Magnúsar Jónssonar að opna án þess að það tækist. Ákærði stóð fyrir utan húsið og hafðist ekki að, og þar sem þeir feðgar voru eigi kvaddir til að bjarga og þeir komust hvergi inn, gengu þeir frá. Hafði Bjarni orð á því að hér væri ekkert hægt að gera, þar sem alt væri lokað og læst. Magnús Jónsson fór einnig burtu eftir að ákærði hafði tjáð honum að beztt væri að hann færi, með því að hann gæti ekkert gert þar við húsið.

66 Klukkan að ganga 2 bar þar að Jónas Samúels-son sjóróðramann. Ávarpaði hann ákærða, sem stóð aðgerðalaus fyrir utan húsið og spurði hann, hvort ekki væri hægt að bjarga úr húsinu, því yfir-heyrdi sá engan eld og heyrði ekkert eldsnark og leist því vel hægt að bjarga, en ákærði svaraði því þá til, að hann þyrði ekki að láta neinn fara inn í húsið. Fór Jónas þá í burtu, þegar ákærði tók þannig í málið.

7 Klukkan að ganga 3 kom að brunastaðnum Jón bóndi Sigurðsson í Pétursbúð og bauð hann ákærða aðstoð sína til að bjarga. Þáði ákærði það og fóru þeir inn í húsið um búðardyrnar. Var þá nokkur reykur í herbergjum hússins niðri en enginn eldur. Téður Jón Sigurðsson hefir borið það, að hann hafi komið inn í umgetna geymslukompu, þar sem stigin lá upp á loftið. Var þar þá töluverður reykur en enginn eldur eða eldsnark heyranlegt neinstaðar í húsinu. Eftir að þeir ákærði og Jón Sigurðsson höfðu bjargað mestöllu lauslegu úr húsinu niðri, spurði hann ákærða hvort ekki ætti að gera meira, og neit-aði ákærði því. Fór vitnið þá heim til sín kl. rúm-lega 3.

8 Kl. langt gengin 5 kallaði ákærði á Bjarna Kjartansson og annan mann til að bjarga hurðum hússins, en það var þá of seint. Það var fyrst kl. um 5 að húsið var svo brunnið að það hrundi, og hafði bruninn þá staðið yfir frá því um hádegi.

9 Fyrnefndur Magnús Jónsson befir borið það, að hann hafi haustið 1914 í viðtali við Kristínu Jóns-dóttur systur sína, konu ákærða, spurt hana að því,

hvers vegna ákærði hefði hækkað váttrygginguna á húsi sínu á Arnarstapa, þar sem hann þyrfti að borga mikið hærra brunabótagjald af húsinu, og hafi þá systir sín sagt: »Ætli hann ætli sér ekki að kveikja í því«, eða eitthvað á þá leið. Nefnd Kristín Jónsdóttir hefir við sampröfun þeirra systkina um þetta atriði játað það rétt, að samtalið hafi gengið eitthvað á þessa leið, en að spurð um það, hvað hún hafi haft fyrir sér í þessu, svaraði hún að það hafi aðeins verið einhver grunur eða hugmynd, en ekki kveðst hún hafa haft neitt sérstakt til að byggja þennan grun á, og þegar hún hafi spurt mann sinn að því, hversvegna hann hafi hækkað váttrygginguna á húsinu, hafi hann svarað því til að húsið væri þá útgengilegra. — Er ákærði var spurður um það hvers vegna hann hefði hækkað váttrygginguna á húsinu úr 4000 kr. upp í 12000 kr., þar sem hann þó hefði keypt það fyrir 4000 kr. og eftir sinni eigin skýrslu engu kostað til endurbóta á því eftir að hann keypti það, svaraði hann því, að hann hefði álitid húsið þess virði, það hefði verið af peningaklu að hann váttrygði það ekki strax fyrir þessa upphæð, eftir að hann keypti það, en meðfram hafi hann hækkað váttrygginguna til að geta fengið hærra lán út á húsið og til að gera það útgengilegra.

Þá hefir enn fremur í sambandi við einkennilegt bréf frá ákærða til Hallbjörns Þorvaldssonar bónda í Gröf í Breiðuvík, dags. í Reykjavík 23. febr. 1912, er fram hefir verið lagt í málinu, komið upp grunur um það, að ákærði muni hafa hugsað sér að láta hús sitt á Arnarstapa brenna þegar vorið 1912. Í

bréfi þessu lagði ákærði ríkt á við Hallbjörn að koma til fundar við sig til Reykjavíkur og bauð að ábyrgjast honum ferðakostnað. Ekki er getið um erindið í bréfi þessu annað en það, að það væri mikilsháttar hagnaðarspursmál fyrir Hallbjörn að láta ekki ferðina hjá líða. Fór Hallbjörn þá suður til fundar við ákærða í marz s. á. — Við ítarlega rannsókn út af bréfi þessu er það sannað, að Hallbjörn sagði Kjartani Þorkelssyni og konu hans Sigríði Kristjánsdóttur frá því vorið 1913, er hann gisti hjá þeim á þáverandi heimili þeirra Hellissandi, að erindið með suðurferðinni hefði verið það, að Sigfús hefði viljað fá sig til að taka að sér útsölu á vörum, er ákærði ætlaði að hlutast til um að sendar yrðu vestur að Arnarstapa, í hið þá nýkeypta húshans. Ætlaði ákærði þá að hækka váttryggingu á húsi sínu og jafnhliða váttryggja vörurnar, en Hallbjörn skyldi taka að sér að sjá um að Arnarstapahúsið með vörunum brynni áður en ákærði kæmi vestur um vorið 1912; hefði Hallbjörn afsagt með öllu að hafa nokkur afskifti af þessu og hefði þetta valdið fáþykkju Sigfúsar til sín. Í annan stað hefir eitt vitni, Magnús Blöndal hreppstjóri og umboðsmaður í Stykkishólmi borið og unnið eið að því, að í ágústmánuði 1913 hafi Hallbjörn sagt vitninu frá því, að þá er hann, Hallbjörn, fann Sigfús í marz 1912, samkvæmt áðurnefndu bréfi hans, hafi það verið erindið að fá Hallbjörn til að standa fyrir verzlun í Arnarstapahúsinu, er ákærði hafi keypt þá skömmu áður, húsið og vörurnar ættu að vera í góðri váttryggingu, en Hallbjörn ætti að sjá um að

Húsið og vörurnar brynnu. Hallbjörn hefir verið ítarlega prófaður um viðskifti hans og ákærða í nefndri suðurferð. Hefir hann að vísu eftir töluverða vafninga viðurkent, að hann kunni að hafa látið í ljósi einhverjar dylgjur um erindið suður, og að það kunni að hafa verið meiningin að Stapahúsið brynni þegar vörurnar að sunnan væru komnar, en hann neitar að ummæli sín hafi verið í ákveðnara formi, og hann heldur því fram, að hvað sem hann kunni að hafa sagt, þá hafi þeim ákærða ekkert það á milli farið í Reykjavíkurfærð hans, sem hafi gefið sér tilefni til að segja það, er vitnin hafa eftir honum, því í þeirri færð hafi ekkert beinlinis eða óbeinlinis verið vikið að ikveikju í Arnarstapahúsinu.

Í máli þessu hefir verið lögð fram útskrift af brunaprófum í Reykjavík um bruna svo nefnds Nýjabæjar á Grímsstaðaholti. Upplýsa prófin að ákærði keypti bæ þennan 19. janúar 1911, en 2 mánuðum síðar, 21. marz s. á., brann bær þessi, án þess nokkuð hafi orðið upplýst um tildrög brunans. Hafði bærinn þó staðið í eyði um langan tíma og enginn vitað til að farið hefði verið þar með eld.

Eftir því sem fram er komið í málinu verður að telja það vafalaust, að eldurinn hefir komið upp uppi á loftinu, líklega um miðbik hússins. Svo sem þegar hefir verið tekið fram bjó enginn upp á loftinu og hafði enginn umgang um loftið daginn sem brann, nema ákærði. Kveðst hann hafa farið upp á loftið kl. að ganga 10 þann dag, til að athuga skjalaplögg, er hann hafi átt í skrifpúlti þar á loftinu, og til að ná skóm, er hann hafi ætlað að hafa

með sér í ferð til Ólafsvíkur, er til hafi staðið næstu daga. En með því skuggsýnt hafi verið á loftinu hafi hann kveikt á nokkrum eldspýtum til að lýsa sér. Annað kveðst hann ekki hafa farið með eld þar uppi. Kveðst hann hafa farið niður að vörmu spori og ekki komið upp á loft aftur. Heldur ákærði því fram, að hann hafi farið gætilega með eldspýturnar og hann fortækur að nokkur eldfim efni hafi verið þar á loftinu, þar sem hann var með eldspýturnar.

Eftir því sem upplýst er í prófunum hafa eldfærin í húsinu og reykháfurinn verið í góðu lagi, og brunadaginn var ekki kveiktur upp eldur annarsstaðar en í eldavélinni í eldhúsinu og var þennan dag aðeins lítill eldur í vélinni.

Eldurinn virðist hafa verið lítill í fyrstu og verið hægfara, þar sem hans varð vart um hádegi en tveimur til þremur tímum seinna eða kl. að ganga 3, er Jón Sigurðsson í Pétursbúð kom á brunastaðinn, var eldurinn ekki orðinn magnaðri en það, að ganga mátti um alt húsið niðri og hvergi sást þar eldur eða heyrðist snark í eldi, ekki einu sinni í kompu þeirri við hliðina á eldhúsinu, þar sem stigin lá upp á loftið.

Það verður að telja það sannað, að ákærði hefir dregið úr því eða aftrað því að gerðar væru í tæka tíð tilraunir til að athuga eldsupptökin og slökkva eldinn. Hefir hann borið því við, að hann hafi ekki álitnið það hættulaust að fara inn í húsið sökum þess að nokkur hlaðin skot og eitthvað lítilfjórlegt af lausu púðri var geymt á skáp í eldhúsinu. En þessi ástæða verður ekki talin ábyggileg, með því að ákærði

hefir ekki komið fram með þessa ástæðu við þá feðgana Kjartan Þorkelsson og Bjarna son hans, er þeir buðu fram hjálp sína og jafnvel reyndu til að komast inn í húsið, en fundu alt lokað og læst, í annan stað verður að telja að það hefði verið innan handar, eftir því sem eldurinn hagaði sér, að bjarga þessum hlutum og í þriðja lagi setti ákærði þetta ekki fyrir sig, er hann fór með Jóni Sigurðssyni inn í húsið sjálfsagt klukkustund seinna en þeir Kjartan, Bjarni og Magnús Jónsson buðu fram aðstoð sína, og þetta hefir hann ekki skýrt á annan veg en þann, að þá hafi honum ekki dottið skotfærin í hug.

Efnahagur ákærða hefir verið mjög þröngur. Húsið veðsett fyrir eins miklu og hægt var að fá lánað út á það, og lausafé hans alt veðsett fyrir skuldum. Sjálfur virðist hann enga atvinnu hafa haft á Arnarstapa, þar sem hann hafði ekki aðra áhöfn á jörðina en 1 kú og kvígu og 2 ær.

Í réttarprófunum er það þannig upplýst:

- að ákærði hafi farið með eld uppi á lofti í húsinu þar sem eldurinn kviknaði, skömmu áður en eldsins varð vart, og að enginn annar hafi á þeim tíma komið upp á loftið,
- að þegar kona ákærða gerði honum viðvart um, að reykjarstybba væri í eldhúsinu og hann fann að reykurinn kom úr klefa þeim við hliðina á eldhúsinu, er stiginn væri í upp á loftið, lokaði hann klefanum, en gerði enga tilraun til að grenslast eftir, hvar eldurinn væri eða hvort hann yrði ekki þegar slöktur,
- að allar dyr hússins voru lokaðar, svo að ekki varð

- inn í það komist, þegar menn komu að, sem vildu reyna að slökkva eldinn, einnig þær dyr, er ákærði hafði bjargað út um rúmfatnaði og öðrum innanstokksmunum,
- að ákærði hafðist við í nánd við húsið allan hinn langa tíma, sem á brunanum stóð og hafðist ekkert að til þess að slökkva eldinn, en varnaði að því að aðrir reyndu það, ýmist með því beint að afbiðja það, ýmist með því að ráða frá því vegna hættu af skotfærum og benzini, sem átti að vera í húsinu, hættu sem ákærði trúði ekki sjálfur á, með því að hann fór síðar inn í húsið með öðrum manni og náði út því, er lauslegt var í herberjunum niðri,
- að ákærði hafði vátrygt húsið gegn eldsvoða fyrir fjárhæð, er var þrefalt hærri en kaupverð hússins, og hafði hann þó eigi bætt það neinu, og
- að ákærði er félaus maður og skuldugur, allar eigur hans veðsettar, svo að skuldheimtumaður hans einn, fyrnefndur Hallbjörn Þorvaldsson, taldi eigi tilvinnandi að reyna fjárnám fyrir dómkröfu á hendur honum.

Í sambandi við þessi atvik málsins verður það eigi talið þýðingarlaust, að þeir ákærði og Hallbjörn Þorvaldsson hafa enga fullnægjandi grein gert fyrir hinu dularfulla bréfi, er ákærði skrifaði Hallbirni 23. febr. 1912. Skýrsla þeirra um erindi það, er ákærði hafi átt við Hallbjörn og við hafi verið átt í bréfinu, er mjög ósennileg, og framburður 3 vitna um það, er Hallbjörn hefir sagt um þetta erindi, gerir bréfið næsta tortryggilegt, þó að Hallbjörn hafi stöðugt neit-

·að því, að ákærði hafi reynt að fá sig til að kveikja í húsinu.

Þá hefir og framburður ákærða verið óhreinskilinn og í ýmsum greinum ósennilegur og farið í bágvið það, sem á annan hátt, er upplýst í málinu.

Með því að alt, sem fram er komið í málinu þannig bendir eindregið til þess, að ákærði hafi viljandi kveikt í húsinu á Arnarstapa og viljað láta það brenna, til að komast yfir brunabótaféð, þykir eigi ísjárvert að telja það löglega sannað, að ákærði hafi orðið sekur um brot það, er hann er ákærður fyrir.

Brot hins ákærða heyrir undir 283. gr. 2. lið hinna almennu hegningarlaga og þykir hegningin hæfilega ákveðin 18 mánaða betrunarhússvinnu. Svo greiði ákærði allan af málssókn þessari leiðandi kostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málaflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðst 25 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sigfús Sveinbjarnarson skal sæta 18 mánaða betrunarhúsvinnu. Svo greiði hann allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi

málaflutningsmannanna Odds Gislasonar og Egger-
erts Claessen, 25 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. júlí 1916.

Nr. 10/1916.

Stjórnendur hlutafélagsins

»Herjólfur«

gegn

firmanu Copland & Berrie

(1908) Ltd.

D ó m u r :

Stjórnendur h./f. »Herjólfur« í Vestmannaeyjum höfðuðu mál þetta í héraði gegn firmanu Copland & Berrie (1908) Ltd., og var það eftir samkomulagi málsaðila rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur. Voru það kröfur hlutafélagsins að firmað yrði dæmt til að greiða sér eftirstöðvar af andvirði fyrir fisk, er félagið seldi firmanu sumarið 1912 og kostnað út af sölu fiskjarins samtals 1019 kr. 56 a. með 6% árs-
vöxtum frá sáttakærudegi (þ. e. stefnudegi) til borg-
unardags. Af hálfu firmans var hins vegar höfðuð
gagnsök gegn hlutafélaginu til greiðslu á skaðabót-
um fyrir vanefndir á kaupsamningi um fisk nefnt
sumar, 6000 kr. að frádregnum 818 kr. 31 e., er
firmað viðurkendi réttar eftirstöðvar af fiskverðinu.
Með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 6. ág. f. á.,